

Prjónuð skotthúfa, djúp



Prjónuð djúp skotthúfa er borin við 19. aldar þjóðbúning, upphlut og peysuföt. Skotthúfur hafa verið notaðar um aldir á Íslandi. Allar enda þær í skotti efst, við skottið er festur skúfur og hólkur hafður á mótum skotts og skúfs. Skúfar við 19. aldar búninga eru úr ullarbandi, ýmist rauðu, bláu eða grænu 25-30 cm langir.

UPPSKRIFT - meðalstærð

Hringprjónn nr. 1 ½ 40 cm

Sokkprjónar nr. 1 ½

Efni: Fíngert húfuband, 30 - 35 gr.

Fitjið laust upp 220 lykkjur. Ef notaður er hringprjónn er sett prjónamerki eftir hverjar 55 lykkjur. Ef notaðir eru sokkprjónar eru settar 55 lykkjur á hvern prjón.

Prjónið slétt prjón 3 umferðir. Þá er prjónuð ein umferð brugðin sem verður brotlinan fyrir húfufaldinn. Þetta er eina umferðin í húfunni sem er prjónuð brugðin, hér eftir er aðeins slétt prjón.

Prjónið þar til verkið mælist 7 cm frá brugðnu umferðinni.

Nú hefst úrtakan sem skiptist í 5 kafla. Alltaf er teknar úr 4 lykkjur í umferð en úrtökum er dreift eftir vissum reglum til þess að úrtakan verði sem jöfnust.

1. úrtaka

1. **umferð:** 2 lykkjur saman, prjónið 53 lykkjur. Endurtakið út umferð.
 2. - 9. **umferð:** Án úrtöku
 10. **umferð:** Prjónið 5 lykkjur, prjónið 2 lykkjur saman, prjónið 47 lykkjur. Endurtakið út umferð.
 11. - 18. **umferð:** Án úrtöku
 19. **umferð:** Prjónið 10 lykkjur, prjónið 2 lykkjur saman, prjónið 41 lykkjur. Endurtakið út umferð.
 20. - 26. **umferð:** Án úrtöku
 27. **umferð:** Prjónið 15 lykkjur, prjónið 2 lykkjur saman, prjónið 35 lykkjur. Endurtakið út umferð.
 28. - 34. **umferð:** Án úrtöku
 35. **umferð:** Prjónið 20 lykkjur, prjónið 2 lykkjur saman, prjónið 29 lykkjur. Endurtakið út umferð.
 36. - 38. **umferð:** Án úrtöku
 39. **umferð:** Prjónið 25 lykkjur, prjónið 2 lykkjur saman, prjónið 23 lykkjur. Endurtakið út umferð.
 40. **umferð:** Án úrtöku
- Hér eftir er tekið úr í hverri umferð.
41. **umferð:** Prjónið 30 lykkjur, prjónið 2 lykkjur saman, prjónið 17 lykkjur. Endurtakið út umferð.
 42. **umferð:** Prjónið 35 lykkjur, prjónið 2 lykkjur saman, prjónið 11 lykkjur. Endurtakið út umferð.
 43. **umferð:** Prjónið 40 lykkjur, prjónið 2 lykkjur saman, prjónið 5 lykkjur. Endurtakið út umferð, 46 lykkjur á prjóni.

2. úrtaka

1. **umferð:** Prjónið 2 lykkjur saman, prjónið 44 lykkjur. Endurtakið út umferð.
2. **umferð:** Prjónið 4 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 39 lykkjur. Endurtakið út umferð.
3. **umferð:** Prjónið 8 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 34 lykkjur. Endurtakið út umferð.
4. **umferð:** Prjónið 12 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 29 lykkjur. Endurtakið út umferð.
5. **umferð:** Prjónið 16 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 24 lykkjur. Endurtakið út umferð.
6. **umferð:** Prjónið 20 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 19 lykkjur. Endurtakið út umferð.
7. **umferð:** Prjónið 24 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 14 lykkjur. Endurtakið út umferð.
8. **umferð:** Prjónið 28 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 9 lykkjur. Endurtakið út umferð.
9. **umferð:** Prjónið 32 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 4 lykkjur. Endurtakið út umferð. 37 lykkjur á prjóni.

3. úrtaka

1. **umferð:** Prjónið 2 lykkjur saman, prjónið 35 lykkjur. Endurtakið út umferð.
2. **umferð:** Prjónið 3 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 31 lykkjur. Endurtakið út umferð.
3. **umferð:** Prjónið 6 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 27 lykkjur. Endurtakið út umferð.
4. **umferð:** Prjónið 9 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 23 lykkjur. Endurtakið út umferð.
5. **umferð:** Prjónið 12 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 19 lykkjur. Endurtakið út umferð.
6. **umferð:** Prjónið 15 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 15 lykkjur. Endurtakið út umferð.
7. **umferð:** Prjónið 18 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 11 lykkjur. Endurtakið út umferð.
8. **umferð:** Prjónið 21 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 7 lykkjur. Endurtakið út umferð.
9. **umferð:** Prjónið 24 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 3 lykkjur. Endurtakið út umferð. 28 lykkjur á prjóni.

4. úrtaka

1. **umferð:** Prjónið 2 lykkjur saman, prjónið 26 lykkjur. Endurtakið út umferð.
2. **umferð:** Prjónið 2 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 23 lykkjur. Endurtakið út umferð.
3. **umferð:** Prjónið 4 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 20 lykkjur. Endurtakið út umferð.
4. **umferð:** Prjónið 6 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 17 lykkjur. Endurtakið út umferð.

- 5. umferð:** Prjónið 8 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 14 lykkjur. Endurtakið út umferð.
6. umferð: Prjónið 10 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 11 lykkjur. Endurtakið út umferð.
7. umferð: Prjónið 12 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 8 lykkjur. Endurtakið út umferð.
21 lykkjur á prjóni.

Nú er skottið prjónað, fyrst 20 umferðir án úrtöku, síðan:

- 8. umferð:** Prjónið 14 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 5 lykkjur. Endurtakið út umferð.
Prjónaðar 15 umferðir án úrtöku, síðan:
9. umferð: Prjónið 16 lykkjur, 2 lykkjur saman, prjónið 2 lykkjur. Endurtakið út umferð.
19 lykkjur á prjóni.

Þá er aftur tekið úr í hverri umferð:

5. úrtaka

- 1. umferð:** Prjónið 2 lykkjur saman, prjónið 17 lykkjur. Endurtakið út umferð.
2. umferð: Prjónið 1 lykkja slétt, 2 lykkjur saman, prjónið 15 lykkjur. Endurtakið út umferð.
3. umferð: Prjónið 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur saman, prjónið 13 lykkjur. Endurtakið út umferð.
4. umferð: Prjónið 3 lykkjur slétt, 2 lykkjur saman, prjónið 11 lykkjur. Endurtakið út umferð.
5. umferð: Prjónið 4 lykkjur slétt, 2 lykkjur saman, prjónið 9 lykkjur. Endurtakið út umferð.
6. umferð: Prjónið 5 lykkjur slétt, 2 lykkjur saman, prjónið 7 lykkjur. Endurtakið út umferð.
7. umferð: Prjónið 6 lykkjur slétt, 2 lykkjur saman, prjónið 5 lykkjur. Endurtakið út umferð.
8. umferð: Prjónið 7 lykkjur slétt, 2 lykkjur saman, prjónið 3 lykkjur. Endurtakið út umferð.
9. umferð: Prjónið 8 lykkjur slétt, 2 lykkjur saman, prjónið 1 lykkju. Endurtakið út umferð.
10 lykkjur á prjóni.

Í næstu fjórum umferðum er fækkað niður í 6 lykkjur á prjóni og að lokum prjónuð um 2 cm löng tota til að festa skúfinn, fellt af.

Frágangur:

Brjótíð mjóan fald inn á hífuna við brugðnu umferðina og saumið niður.

Skolið og pressið vel.

Skúfhólkinum er rennt upp á skottið og skúfurinn saumaður vandlega við skottið.





Heimilisíðnaðarfélag Íslands - Nethylur 2e - 110 Reykjavík - sími 551 5500
hfi@heimilisidnadur.is - www.heimilisidnadur.is